

Alþingi.

Reykjavík, 14.mars 2013.

Varðandi: Pingskjal nr. 633.

Ég undirritaður mótmæli harðlega fyrirhuguðum framkvæmdum, sem tengjast kísilveri á Bakka við Húsavík.

Ástæður fyrir því eru nokkrar. Í fyrsta lagi er ekki innistæða til niðurgreiðslu á framkvæmdum til erlendra aðila umfram innlendra manna til framkvæmda vítt og breitt um landið. Á Bakka er fyrirhugað að gera nýja höfn, gangnagerð, vegalagningu og einnig er niðurgreiðsla á rafmagni og fleira og fleira.

Ég hef reynt að ná viðtali við ráðamenn í u.þ.b. 2 ár til að vekja athygli þeirra á hininháu rafmagnsverði vegna húshitunar til almennings á köldum svæðum, með engum árangri. Eins og þeir vita, sem skoðað hafa þessi rafmagnssölumál er líklega allt að 12 faldur verðmunur á milli erlendra aðila og almennings á Íslandi.

Ég lít á hvern þann Íslending, sem tekur hagsmuni erlendra stórfyrirtækja framur innlendum sem þjóðarníðing, er leggur sífellt auknar byrðar á óbreyttan almenning, eingöngu í þeim tilgangi að fá klapp á bakið í héraði. Þó er vitað að þessar stjórýðjuframkvæmdir hafa verið niðurgreiddar til áratuga.

Það hljóta allir að sjá, að hagvöxtur á að vera meiri en 1-2 % ár eftir ár með 3 stórum álverum er hér starfa. Stjórnámálamenn, sem starfa í þeim anda að láta Íslendinga greiða allt að 12 falt meira fyrir rafmagn, eru ámælisverðir, þar sem um er að ræða grunnþarfir landsmanna að kaupa rafmagn til húshitunar á sanngjörmu verði.

Almenningi og félögum er gefið tækifæri á að gera athugasemdir við framkvæmdir vegna kísilvers á Bakka, en til þess eru aðeins gefnir 4 dagar, þ.e. 8. – 11.mars 2013. Þessi tímamörk geta ekki verið lögleg. Allavega siðlaus ákvörðun að gefa ekki almenningi kost á að gera athugasemdir við svo stórt mál. Þessi tímamörk sína á vissan hátt það ferli, sem verið er að lauma í gegn án athugasemda frá almenningi. Það er glæpsamlegt ferli í sjálfu sér.

Þúsundir manna búa á köldum svæðum og greiða tugþúsundir á mánuði til að hita hús sín. Það verður að leiðrétta rafmagnsverð til húshitunar á köldum svæðum áður en við semjum um lágt rafmagnsverð til stjórýðju.

Ógagnsæi í rafmagnssölumálum á Íslandi er tröllvaxin spillingar pottur og kanski eitt mesta vandamál, sem Ísland glímir við, en er samt þó nokkuð dulið fyrir almenningi enn sem komið er. Enda er allt gert til að fela spillinguna.

Ég lít svo á að þetta lága rafmagnsverð til stóriðju 2,20 – 3,00 kr á kilovattstund sé umhverfi, sem býður upp á spillingu og jafnvel mútur til embættismanna og stjórnáamálanna. Það er tilfinning mín eftir tveggja ára afskipti mín af rafmagnssöllumálum að svo sé.

Ég hef ítrekað leitað til ráðuneytis orkumála, Samkeppniseftirlits og Orkustofnunar og hafa þau samskipti mín einfaldlega staðfest þann grun.

Ég vil að lokum ítreka að erlendir hagsmunir eiga ekki að vera teknir fram yfir innlenda hagsmuni.



Rúnar Lárusson,
Haukdælabraut 96,
113 Reykjavík.
Kt. 260148-2309.